

Fréttabréf STEFs | Júní 2018

Kosið í fulltrúaráð STEFs 2016-2018

Kosningar í fulltrúaráð STEFs til næstu tveggja ára áttu sér stað í marsmánuði 2018.

Eftirfarandi sjö aðilar hlutu kosningu:

Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson (FTT)
Björgvin Halldórsson (FTT)
Óttarr Proppé (utan félaga)
Páll Ragnar Pálsson (TÍ)
Salka Sól Eyfeld (utan félaga)
Snorri Helgason (FTT)
Sigurður Rúnar Jónsson (utan félaga)

Af hálfu FTT voru tilnefnd í fulltrúaráð til næstu tveggja ára:

Bragi Valdimar Skúlason
Jakob Frímann Magnússon
Sigurður Flosason
Hafdís Huld Þrastardóttir
Sóley Stefánsdóttir
Gunnar Þórðarson
Þórir Baldursson

Af hálfu TÍ voru tilnefnd í fulltrúaráð til næstu tveggja ára:

Þórunn Gréta Sigurðardóttir
Atli Ingólfsson
Gunnar Andreas Kristinsson
Hafdís Bjarnadóttir
Hildigunnur Rúnarsdóttir
Hjálmar H. Ragnarsson
Lárus Grímsson

Á aðalfundi STEFs, sem haldinn var 9. júní, var Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson kjörinn formaður hins nýja fulltrúaráðs. Þar var einnig kjörin ný stjórn STEFs til tveggja ára:

Þórunn Gréta Sigurðardóttir, formaður
Bragi Valdimar Skúlason, varaformaður
Jakob Frímann Magnússon
Sigurður Flosason
Hjálmar H. Ragnarsson
Páll Ragnar Pálsson
Óttarr Proppé




Langspilið – verðlaun STEFs

Hildur Guðnadóttir hlaut Langspilið við athöfn þann 14. maí 2018. Langspilið er veitt árlega höfundi sem þykir hafa skarað fram úr og náð eftirtektarverðum árangri á síðastliðnu ári. Gripurinn er íslenskt langspil sem árlega er sérstaklega smíðað fyrir STEF af Jóni Sigurðssyni á Þingeyri. Langspilið var fyrst veitt árið 2015 og hlaut þá Ólafur Arnalds verðlaunin. Ári síðar hlaut Ásgeir Trausti þau og Barði Jóhannsson árið 2017. Hildur er tónskáld, sellóleikari og söngvari. Hún vakti fyrst athygli með hljómsveitinni Múm, en hefur síðan átt athyglisverðan sólóferil. Hún

hefur gefið út fjórar sólóplötur og allnokkrum sinnum verið tilnefnd til Íslensku tónlistarverðlaunanna. Hildur hefur þó ekki síst vakið athygli fyrir tónlist sína í leikverkum, dansverkum og fyrir kvikmyndir og sjónvarpsþætti. Hildur kom meðal annars að gerð tónlistar fyrir kvikmyndirnar *Sicario*, *Soldado*, *Mary Magdalene* og *Strong Island*, sem tilnefnd var til Óskarsverðlauna, svo og gerð tónlistar fyrir sjónvarpsþáttaröðina *Handmaid's Tale*. Fyrir tónlist sína í kvikmyndinni *Eiðnum* hlaut Hildur Edduverðlaunin 2017. Í apríl 2018 hlaut Hildur sérstök verðlaun á Beijing-kvikmyndahátíðinni fyrir tónlist sína við bresku kvikmyndina *Journey's End*.

Ráðstefna um höfundarétt og gervigreind

STEF hélt ráðstefnu um höfundarétt og gervigreind þann 22. mars 2018. Frummælendur voru *David Sidebottom* frá *Futuresource* í Bretlandi, *Lára Herborg Ólafsdóttir* lögmaður, *Baldur Baldursson* frá *CCP*, *Wim Van Limpt* framkvæmdastjóri *Buma Stemra* (systurfélags STEFs í Hollandi) og *Kjartan Ólafsson* sem kynnti *Calmus*. Undir lok ráðstefnunnar tóku viðstaddir þátt í að búa til tónlist með hjálp gervigreindar og var afraksturinn fluttur samtímis af tveimur hljóðfæraleikurum. Um er að ræða afskaplega forvitnilegt umræðuefni, sem mun án efa koma til með að hafa mikil áhrif á það hvernig tónlist er búin til og hennar notið, auk þess sem þessi tækni mun vafalaust vekja upp spurningar um höfundarétt.



Afmæli STEFs




70 ára afmæli STEFs var haldið hátíðlegt í Iðnó þann 18. apríl 2018. Veislustjóri var *Jakob Frímann Magnússon*. Hljómsveitin *Eva* flutti tvö lög, sýnd var kvikmyndin *Stef um STEF* sem framleidd var á 50 ára afmæli STEFs 1998. Framkvæmdastjóri flutti stutt ávarp. *Dísella Lárusdóttir* og *Steinunn Birna Ragnarsdóttir* fluttu lagið *Ave María* eftir *Sigvalda Kaldalóns*, sem er verk nr. 1 í gagnagrunni STEFs. Hljómsveit *Guðmundar Óskars* flutti ásamt söngvurunum *Sigurði Guðmundssyni* og *Sigríði Thorlacius* að lokum syrpu sjö laga, eitt frá hverjum áratug í starfi STEFs. *Atli Heimir Sveinsson* var við þetta tækifæri sámdur heiðursmerki STEFs. Tóku synir Atla við merkinu fyrir hönd föður síns, sem á árinu fagnar 80 ára afmæli.





Árið 2017 gert upp

Ársreikningar STEFs og ársskýrsla eru nú komnir á heimasíðu STEFs. Við erum afskaplega stolt af þessu rekstrarári. Helstu niðurstöður eru þær að rekstrartekjur hækka um 12,8% á milli ári, voru kr. 755.849.538 á árinu 2017. Rekstrargjöld hækka um 2,9% og eru kr. 132.304.555. eru rekstrargjöld þannig 17,5% af tekjum og hafa aldrei verið lægri. Hreinar tekjur ársins eru kr. 610.461.066 og nemur hækkunin 15,27% á milli ára. Þessi tekjuaukning er að mestu tilkomin vegna verðbreytinga á verðskrá STEFs vegna bagrunnstónlistar svo og vegna aukinna tekna frá IHM vegna eintakagerðar til einkanota í kjölfar breytinga á höfundalögum sem setti sanngjarnar bætur til höfunda vegna eintakagerðar á fjárlög.

Nokkrar lykiltölur úr ársreikningi STEFs 2017, sem samþykktur var á aðalfundi 9. júní 2018





Gleðilegt söngvasumar ;-)

